

Gjaldskrá gámastöðvar Hveragerðisbæjar.

Verðskrá (gildir frá 15. janúar 2016)

Gjaldskylt sorp

Óflokkað og óendurvinnanlegt sorp, grófur úrgangur og timbur.

Lágmarksgjald er 1.000,- kr.

Móttökugjald skv. mælingu 2.000,- kr./m³

Gjaldfrjálst sorp

Eftirtaldir flokkar eru gjaldfrjálsir:

- Skilagjaldsskyldar umbúðir
- Spilliefni
- Hjólbarðar
- Bílar og járn
- Rúlluplast (hreint og án banda)
- Bylgjupappi /pappírs
- Heimilistæki (hvít vara)
- Föt og fataefni til endurvinnslu

Á gámastöð Hveragerðis skal greiða fyrir móttöku sorps sem hér segir:

- fyrir allt sorp frá fyrirtækjum, sem ekki ber úrvinnslugjald eða skilagjald.
- fyrir allt sorp frá heimilum, sem ekki er gjaldfrjálst.

Öll losun á gámasvæðinu skal framkvæmd í samráði við starfsmann áhaldahúss, mæling á rúmfangi farms fer fram áður en losun hefst. Einungis er tekið við sorpi frá íbúum Hveragerðis og fyrirtækjum sem eru staðsett í bænum.

Kerruleiga: Gámastöðin leigir Hvergerðingum kerrur til flutnings.

Verð fyrir allt að 4 tíma leigu á kerru er 1.000,- kr.

Flokkunarmöguleikar á gámasvæðinu í Hveragerði.

Brotajárn.

Allir málmar fara í þennan flokk, líka samsettur úrgangur þar sem málmur er í meirihluta. Brotajárnið er flutt í Hafnarfjörð þar sem það er forunnið og hakkað niður. Brotajárnið er síðan sent áfram í bræðslu, oftast til Spánar eða Bretlands.

Grófur úrgangur

Grófur úrgangur er fyrirferðamikill blandaður úrgangur oftast húsgögn, innréttingar, byggingahlutar úr timbri og stórar umbúðir. Sorp sem fýkur auðveldlega eða sem meindýr sækja í má ekki flokka með grófum úrgangi. Á móttökustöð er úrgangurinn flokkaður frekar til endurvinnslu eða urðunar.

Spilliefni

Olíur, bensín, terpentína, olúmálning, illgresis- og skordýraeitur, sýrur, basar, kvikasilfurshitamælar og framköllunarvökvar eru dæmi um spilliefni. Þessum efnum skal skila á gámastöðina, helst í upprunalegum umbúðum eða traustum umbúðum með upplýsingum um innihald. Spilliefnin eru meðhöndluð að mestu hjá Efnamóttökunni í Hafnarfirði en hluti þeirra er fluttur til útlanda til eyðingar.

Garðaúrgangur

Gras, lauf, blóm, jurtir, trjáafklippur og aðrar plöntuleifar eru garðaúrgangur. Önnur efni sem flokkuð eru með garðaúrgangi eru t.d. steinull, grjót, gifs, gler og múrbrot.

Timbur

Hreint timbur, ólitað og óplastað, er kurlað af gámaþjónustunni og nýtt í moltugerð. Spæninir eru líka notaðir sem yfirlag í trjábeð og göngustíga.

Litað og plastað timbur er grófkurlað og notað sem þekju efni á urðunarstað.

Pappír og bylgjupappi

Dagblöð, tímarit, tölvu-, ljósritunar-, prentara- og skrifpappír ásamt bylgjupappa. Gámaþjónustan sér um söfnun á pappír og pappa, baggar hvorutveggja og sendir til endurvinnslu í Svíþjóð.

Heimilistæki

Gámasvæðið tekur við öllum venjulegum heimilistækjum. Mörg þeirra eru flokkuð með spilliefnum og fara í Efnamóttökuna áður en þau fara í frekari endurvinnslu.